



Stjórnarfundur FÍSOS 25. febrúar 2021, kl. 11:00 – 12:00

Fundur á Teams

Mætt: Sigríður Þorgeirsdóttir, Ingibjörg Áskelsdóttir, Aníta Elefsen, Þóra Sigurbjörnsdóttir, Hjörtur Þorbjörnsson og Jón Allansson.

Kvistur

- Sigrún Kristjánsdóttir hefur vikið úr ritstjórn. Hugmynd stjórnar FÍSOS er að Linda Ásdísardóttir taki hennar stað. Þóra Sigurbjörnsdóttir er tengiliður stjórnar við Kvist og mun taka málið áfram.

Íslensku safnaverðlaunin 2022

- Skipun í valnefnd, gott væri að því væri lokið fyrir apríllök 2021.
- FÍSOS þarf að skipa 2 fullrúa í nefndina.
- Aníta hafði samband við Helgu Maureen Gylfadóttur varðandi nefndarþáttöku og tók hún vel í málið.
- Aðrir sem koma til greina: Guðrún Whitehead, Unnur Birna Karlsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir.
- Aníta hefur samband við Guðnýju Dóru varðandi val ICOM. Í framhaldinu verður velur stjórn FÍSOS annan nefndarmann með tölvupóstsamskiptum.
- Breytt fyrirkomulag á afhendingu verðlaunanna, hafa viðburðinn opinn öllum, eins og aðstæður leyfa.

Kosningafundur og kosningar

- Á að halda fundinn fyrir eða eftir sumarfrí?
- Athuga hvort hægt sé að halda fundinn á Náttúruminjasafni Íslands á Seltjarnarnesi?
- Spurning um að tengja fundinn starfsdegi stjórnámálanna á söfnum, og kynna á safnadaginn sjálfan?
- Fá grafískan hönnuð eða teiknara til þess að teikna upp allt það sem starfsemi safna skilar til baka til þjóðfélagsins.
- Setja af stað herferð þar sem fólk er hvatt til þess að segja frá því hvernig söfn hafa haft áhrif á líf þess á samfélagsmiðlum og beina að stjórnámálönnum.

Heimasíða

- Stjórn FÍSOS kann ekki nógu vel inn á heimasíðuna, sem er í Wordpress og gömul.
- Stjórnin lenti í vandræðum með að setja inn efni vegna farskóla 2021.
- Ingibjörg og Sirrý setja sig í samband við vefhönnuð og fá ráðleggingar varðandi síðuna, mikilvægt er að allavega tveir stjórnarmeðlimir kunnir á hana.
- Ný heimasíða? Einfaldara viðmót? Verður rætt á fundi við hönnuðinn og tekið áfram eftir hann.



Safnaráð

- Ef að viðkomandi er starfsmaður viðurkennds safns má hann ekki taka þátt í umsóknarferli safnasjóðs.
- Gott að tilnefna einn frá höfuðsafni og annan frá viðurkenndu safni.
- Framkvæmdastjóri safnaráðs telur þó mjög mikilvægt að söfnin hafi sterkar raddir innan ráðsins, margt annað sem ráðið tekur fyrir, utan safnasjóðsumsóknna.
 - Athugasemd frá Gunnþóru Halldórsdóttur sem hafði ekki tók á að mæta á fundinn: *Ég geri athugasemd við það að gott sé að tilnefna einn frá höfuðsafni í stjórn safnaráðs. Þannig er að höfuðsöfnin sitja alla fundi safnaráðs og hafa talsverða vigt þar. Starfsmaður höfuðsafns væri í mínum huga undir mikilli pressu með að vera boðberi síns forstöðumanns sem hefur mikla aðkomu að allri stefnumótun safnastarfs. Þessi vettvangur safnaráð er annars konar aðkoma að þeirri stefnumótun. Greinilegt er að ráðherra skipar safnstjóra sem tilnefndir eru af okkur sem aðalmenn í ráðið og það er ágætt. En eftir stendur þá að hinn almenni safnamaður sem ekki vinnur á höfuðsafni hefur engan fulltrúa í ráðinu.*

Vinnustofa

- Vinnustofan var haldin af Ferðamálastofu, Íslandsstofu og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.
- Ingibjörg tók þátt í vinnustofunni fyrir hönd stjórnar FÍSOS. Sjá viðauka 1.
- Rætt um vefgátt þar sem allar upplýsingar fyrir erlenda ferðamenn er að finna á einum stað.
- Von á skýrslu frá ferðamálastofu á næstunni með niðurstöðu fundarins.

Farskóli

- Hjördís er að mynda farskólastjórn. Hún hefur beðið Guðrúnu Jóns í Borgarfirði, Jón Allansson á Akranesi og Rebekku Unnarsdóttir sem sér um Pakkhúsið á Ólafsvík að sitja í stjórninni með sér.
- Sigurður Trausti hefur boðið fram aðstoð til farskólastjórnar.
- Búið að auglýsa breytta dagsetningu og gistimöguleika.

Húsafriðunarnefnd

- FÍSOS tilnefndi Helgu Maureen Gylfadóttur og Örlyg Kristfinnsson til setu í húsafriðunarnefnd.

Fundi slitið kl. 12.00

Ingibjörg Áskelsdóttir

ritari



Viðauki 1

From: Sveinn Birkir Björnsson <SveinnBirkir@islandsstofa.is>

Sent: 10 February 2021 21:22

To: anita@sild.is

Subject: Vinnustofa

Sæl Aníta,

Ferðamálastofa, Íslandsstofa og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið hafa tekið höndum saman um gerð svokallaðrar Íslandsgáttar. Er henni ætlað að vera miðlæg upplýsingagátt með öllum þeim upplýsingum sem ferðamenn þurfa, jafnt þeim sem þeir leita sjálfir og þeim sem þeir ekki vita að þá vanti. Er hér horft til mismunandi tímabíla og þarfa ferðamannsins, frá því að hann leitar fyrst að hugsanlegum áfangastað, skipuleggur svo ferðalag til Íslands, dvelur svo á landinu og ferðast um, sem og eftir að heim er komið.

Er það einlæg ósk okkar að á vefnum verði hægt að miðla upplýsingum frá öllum þeim aðilum (fyrirtækjum og stofnunum) sem hafa snertifleti við ferðaþjónustuna. Af því tilefni verður haldin vinnustofa fimmtudaginn 18. febrúar, frá kl.13-16 á Hilton Nordica og værum við þakklát ef þú sæir þér fært að taka þátt í henni með okkur eða senda fulltrúa frá FÍSOS í þinn stað sem getur orðið okkur að liði í þessari vinnu.

Ef þú sérð þér fært að mæta, [vinsamlegast skráðu þátttöku hér.](#)

Sveinn Birkir Björnsson

Forstöðumaður, markaðssamskipti

Director of Marketing Communications

